

Ed. 1183. Frumvarp til laga [502. mál]

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, sbr. lög nr. 69 18. maí 1982, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. júní.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna, sbr. l. nr. 69/1982, bætast þrjár nýjar málsg. er orðist svo:

Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fisksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal, undir stjórn yfirdýralæknis, sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á sviði fisksjúkdóma og skal honum sköpuð starfsaðstaða í tengslum við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar sem aflað hafa sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

2. gr.

1. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.